

# Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 23. janúar 2020

Mál nr. E-290/2019:

**Garðlist ehf.**

(Ómar R. Valdimarsson lögmaður)

**gegn**

**App Dynamic ehf.**

(Atli Már Ingólfsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið þann 8. janúar 2020, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjaness með stefnu birtri þann 28. mars 2019.

Stefnandi er Garðlist ehf., kt. 000000-0000, [...], 110 Reykjavík.

Stefndi er App Dynamic ehf., kt. 000000-0000, [...], 201 Kópavogi.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði honum skuld að fjárhæð 1.001.195 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 721.754 krónum frá 19. desember 2018 til 28. desember 2018, af 797.463 krónum frá þeim degi til 15. janúar 2019 og af 1.001.195 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að annarri lægri fjárhæð að álitum dómsins. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins, í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning, að teknu tilliti til greiðslu virðisaukaskatts.

Stefndi krefst þess aðallega að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð. Þá er þess krafist að stefnanda verði gert að afhenda stefnda allar séríur og búnað sem stefndi hefur keypt af stefnanda og haldið sé af stefnanda, eigi síðar en 10 dögum frá uppkvaðningu dóms í máli þessu, eða greiða ella dagsektir að fjárhæð 20.000 krónur þar til vörurnar verða afhentar. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins í samræmi við framlagt málskostnaðaryfirlit.

### Málsatvik:

Mál þetta varðar þrjá útgefna reikninga stefnanda á hendur stefnda vegna kaupa stefnda á ljósaseríum og vinnu við uppsetningu þeirra. Verður af því sem fram kom í

málinu fyrir dómi ætlað að um sé að ræða 100-120 ljósaseríur. Þá kom fram í málinu að ljósin hafi verið sett upp á trjám utanhúss við heimili fyrirvarsmanns stefnda fyrir jólin 2018, en tekin niður í janúar 2019 að ósk stefnda, þar sem hann hafi ekki verið sáttur við að ljósin væru ítrekað að detta út. Telur stefndi að ástæðu þess megi rekja til ófullnægjandi frágangs á svokölluðum „LED driver“ tengdum ljósaseríunum. Stefnandi telur hins vegar að ekkert í hans búnaði hafi valdið útslætti á ljósunum, og ástæðuna sé því að rekja til raflagna í fasteigninni.

Í gögnum málsins kemur fram að stefndi hafi þegið sömu þjónustu hjá stefnanda árin 2014-2016, en árið 2017 hafi hann ekki óskað eftir þeirri þjónustu. Stefnandi hefur lagt fram afrit nefndra reikninga, innheimtuviaðvörðun, dags. 22. febrúar 2019, innheimtubrэф, ódagsett, auk mynda. Stefnandi lagði fram upplýsingar um IP-staðla, skýrslu rafverktaka og tölvupóst, myndir, sáttaboð, dags. 15. maí 2019, og afrit reikninga vegna fyrri viðskipta aðila árin 2014-2016.

Aðilaskýrslur fyrir dómi gáfu Björn Friðrik Einisson og Ólafur Ragnar Birgisson, rekstrarstjórar stefnanda, og aðilaskýrslu gaf fyrirvarsmaður stefnda, Pratik Kumar. Vitnaskýrslu gaf Ragnar Sveinn Svanlaugsson rafvirkjameistari.

#### Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir á því að hann eigi ógreidda kröfu á hendur stefnda vegna umsaminna kaupa og þjónustu, sem fram komi á umstefndum reikningum. Þar sem reikningarnir hafi ekki fengist greiddir þrátt fyrir innheimtutilraunir sé nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu þeirra. Nemi samtala þeirra reikninga stefnufjárhæð málsins.

Stefnandi bendir á, að ljósin hafi verið komin upp þegar þann 5. desember 2018, og hafi verið tekin niður að beiðni stefnda þann 10. janúar 2019. Í millitíðinni hafi það gerst að ljósin hafi slegið út þann 14., 20., 24. og 27. desember 2018. Starfsmenn á vegum stefnanda hafi þá mætt samdægurs að beiðni stefnda, slegið inn öryggi, sem hafi slegið út í fasteigninni, og ljósin þá virkað eðlilega.

Stefnandi bendir á um þá kostnaðaraukningu sem hafi átt sér stað frá síðustu þjónustu við stefnda árið 2016, að tré í garði stefnda hafi stækkað mikið og gildnað, auk þess sem stefndi hafi óskað eftir því að bætt yrði við einu tré og runna frá síðustu þjónustu. Hafi þetta leitt til þess að leigja þurfti lyftu, sem hafi verið gert með samþykki stefnda, og haft í för með sér að lengri tíma tók að setja upp og taka niður ljósaseríurnar. Þá hafi stefndi óskað eftir því að ljósaseríur, sem hefðu verið komnar upp í desember,

væru teknar niður og settar upp á annan hátt, sem hafi haft í för með sér aukna vinnu. Einnig megi rekja kostnaðarhækkun til hækkunar á gjaldskrá stefnanda á þessum tíma.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi sönnunarbyrðina fyrir því að um gallaða vöru eða þjónustu sé að ræða. Engin gögn, svo sem matsgerð, liggi fyrir um að svo hafi verið. Þá liggi engin sönnun fyrir um að búnaður eða svonefndur „LED driver“ hafi legið í vatni eða bilað, og þá hafi veðurfarsupplýsingar um veður í Reykjavík ekkert sönnunargildi um veður í Garðabæ.

Stefnandi byggir á því að ákvæði laga nr. 42/2000 um þjónustukaup eigi ekki við um viðskipti aðila, þar sem stefndi sé ekki neytandi í skilningi 1. gr. laganna, enda ekki einstaklingur heldur einkahlutafélag, og verði því ekki á þeim lögum byggt í málinu. Stefnandi hafnar þeirri málsástæðu stefnda, sem fram hafi komið í málflutningi, sem of seint fram kominni, að ákvæði sammings- eða kaupalaga geti með einhverjum hætti leitt til sömu niðurstöðu, eða að löggjöfnun verði beitt um þau ákvæði eða ákvæði þjónustukaupalaga.

Um varakröfuna byggir stefnandi á því að hann eigi rétt á sanngjarnri þóknun fyrir vinnu sína á grundvelli almennra reglna kröfu- og samningaréttar.

Um þá kröfu stefnda að stefnanda beri að afhenda stefnda allar seríur og búnað, sem stefndi hafi áður keypt, vísar stefnandi til þess að krafan sé svo óskýr að dómur um þá kröfu gæti aldrei orðið aðfararhæfur, og þá hafi stefndi aldrei krafist þess að fá þann búnað afhentan. Krafan uppfylli öll skilyrði þess að verða vísað frá dómi ex officio.

Stefnandi byggir kröfu sína á reglum samninga- og kröfuréttar um loford og efnidir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til meginreglna laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, og um varnarþing er vísað til 33. gr. sömu laga.

#### Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir aðallega á því að sýkna beri félagið af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Fyrir það fyrsta hafi ljósin sem voru sett upp ekki virkað sem skyldi, og óumdeilt sé að þau hafi dottið út. Stefndi hafi því ekki fengið þá þjónustu sem félagið hafi pantað og hafði áður fengið hjá stefnanda, og stefnanda hafi ekki tekist að veita þá þjónustu sem hann bauð upp á og stefnufjárhæð lúti að, þrátt fyrir áskoranir um úrbætur. Stefnda hafi því verið heimilt að rifta kaupunum skv. 14. gr. laga nr. 42/2000.

Stefndi bendir á að hann hafi áður keypt þjónustu og vörur frá stefnanda frá árinu 2014. Venjulega hafi ljósinn verið höfð uppi í 3-4 mánuði ár hvert. Ljósaseríurnar sem stefnandi hafi sett upp árið 2018 hafi verið uppi frá 20. desember til 10. janúar 2019 eða í u.þ.b. 20 daga, en ekki virkað lengst af þann tíma og ekki á jóladag eða gamlárskvöld, og ekki komið á eftir 31. desember. Stefndi hafi að lokum gefist upp og óskað eftir því að seríurnar yrðu teknar niður og þar með rift þjónustukaupunum, þar sem stefnandi hafi ekki getað bætt úr ágalla á þeirri þjónustu sem hann bauð upp á, og hafi ekki viljað hlusta á rök frá stefnda um hvað gæti orsakað það að ljósinn duttu út.

Að mati stefnda sé mjög sennileg skýring á því af hverju ljósinn virkuðu ekki sú að stefnandi viðhafði röng vinnubrögð. Stefndi hafi notað vatnspólinn búnað en ekki vatnsheldan og viðurkenndan með IP44-vottun. Búnaðurinn hafi í sjálfu sér verið í lagi, en verið notaður á óforsvaranlegan hátt, og ekki skv. stöðlum um notkun búnaðar með IP44-vottun, sbr. framlögð dómskjöl um staðalinn IP44. Þar komi fram að búnaður með IP44-vottun sé ekki vatnsheldur heldur þoli vatnságang en eigi ekki að liggja í vatni. Búnaðurinn „LED driver“ hafi verið látinn liggja á jörðinni þar sem hann lá í bleytu og olli því að mati stefnda að ljósinn slógu út eða að það slokknaði á þeim. Að mati fyrirsvarsmanns stefnda sé bein tenging milli þess að ljósinn slokknuðu og veðuraðstæðna, rigningar og vætu. Þetta sjáist vel ef veðurgögn séu skoðuð. Stefndi hafi bent starfsmanni stefnanda margsinnis á framangreint og lagt til að „LED driverar“ væru færðir í vatnshelda kassa eða hengdir upp frá jörðu. Stefndi hafi svarað því til að orsökina væri sennilega að finna á heimili stefnda en ekki í frágangi stefnanda sjálfs. Af framangreindu leiði að sönnunarbyrði fyrir útslættinum verði ekki lögð á stefnda heldur á stefnanda. Stefndi tekur fram að fyrirsvarsmaður stefnda sé með BS-próf í rafverkfræði frá Bangalore háskóla á Indlandi.

Stefndi byggir á því að seld þjónusta stefnanda hafi ekki uppfyllt ákvæði 4. og 5. gr. laga nr. 42/2000, og hafi þjónustan ekki verið byggð á nægilegri fagþekkingu eða góðum viðskiptaháttum og hafi stefnandi þrátt fyrir ábendingar ekki bætt úr þjónustunni, sem olli því að stefndi gat ekki notið þjónustunnar. Þar sem stefndi hafi aldrei fengið þjónustu með þeim eiginleikum sem hann hafði óskað eftir að fá teljist þjónustan gölluð skv. 1. og 5. tl. 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, og beri því að sýkna stefnda af öllum dómkröfum stefnanda sem lúta að vinnu, akstri og leigu á lyftu. Sú fjárhæð, eins og hún sé sundurgreind á reikningum í stefnu, sundurliðist á eftirfarandi hátt: Akstur

24.000 krónur, vélaleiga/lyfta 115.000 krónur, vinna við ljósaseríur 470.925 krónur, eða samtals 585.949 krónur án VSK.

Stefndi tekur fram að hann hafi reynt í fjölmörg skipti að semja um lækkun reikninga stefnanda þar sem svo illa hafi tekist til, en stefnandi ávallt hafnað því. Stefndi hafi pantað vörur sem hann hafi áformað að kaupa af stefnanda, og komi fram á umstefndum reikningum. Samkvæmt reikningunum sé um að ræða festingar, tvo plastkassa og jólaseríur, vörur fyrir alls 182.324 krónur með VSK. Það sé hins vegar óumdeilt í málinu að þessar vörur hafi stefnandi ekki afhent stefnda og neiti að afhenda þær. Þar sem stefndi hafi ekki fengið vörurnar afhentar beri að sýkna hann af kröfu um greiðslu þeirra. Þar með beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar.

Stefndi krefjist til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda, þar sem fjárhæð útgefina reikninga, sem stefnufjárhæðin byggist á, sé óhófleg og ósanngjörn og ekki í neinu samræmi við þann kostnað sem stefndi hafði áður greitt fyrir sömu þjónustu fyrir jólin 2014, 2015 og 2016 og kynnt hafi verið stefnda. Þannig hafi kostnaðurinn árið 2014 verið 187.000 krónur, og unnir tímar 34 klst., árið 2015 309.385 krónur, og unnir tímar 51,65 klst., og árið 2016 143.000 krónur, og unnir tímar 22 klst. Auk þessa beri að taka tillit til þeirra takmörkuðu nota sem stefndi hafði af hinni seldu þjónustu, og ljóst sé að lagfæring á ljósaseríum, sem fram hafi farið, hafi ekki átt að greiðast af stefnda.

Af ofangreindu megi ráða að hæfilegur vinnutími við uppsetningu ljósanna sé á bilinu 22–34 klst., mögulega 40. Þá sé ekki tekið tillit til hagræðis við notkun á lyftu eins og stefnandi hafði boðað í samtölum sínum við stefnda, en fyrir liggi að lyfta hafi ekki verið notuð fyrr en árið 2018. Það geti vart verið svo að stefnda sé gert að greiða 115.000 krónur aukalega fyrir notkun á lyftu en á sama tíma hækki tímafjöldinn við vinnuna. Þá sé lyftukostnaðurinn aukakostnaður fyrir stefnda og klárt brot á 1. mgr. 6. gr. laga um þjónustukaup. Fyrir liggi að forsvarsmáður stefnda hafi verið beðinn um að samþykkja leigu á lyftu til uppsetningar þar sem það myndi spara mikinn tíma. Samkvæmt reikningi, dags. 10.12.2018, sé lyfta leigð í tvo daga á 35.000 krónur á dag, alls 70.000 krónur. Lyfta sé aftur leigð við að taka niður seríurnar skv. reikningi, dags. 15.01.2019, 45.000 krónur á dag. Alls sé kostnaður vegna leigu á lyftu því 115.000 krónur. Hins vegar bregði svo við að vinnuliðurinn við uppsetningu og niðurtöku lækki ekki, heldur nái hann nýjum hæðum. Alls séu skráðir eftirfarandi tímar á fyrirliggjandi reikningum, 68,25 tímar. Tímagjald stefnanda sé 6.900 krónur og sé því vinnuliðurinn alls 470.925 krónur án

VSK. Stefndi bendir á að tímafjöldinn samsvari því að rúmlega ein og hálf vinnuvika hafi farið í uppsetningu og niðurtöku á umræddum ljósum, m.v. átta stunda vinnudag.

Stefndi byggir á því að það geti alls ekki staðist að slíkur tímafjöldi hafi farið í umrætt verk miðað við það sem starfsmaður stefnanda hafi tjáð stefnda þegar hann hafi fengið samþykki fyrir því að leigja lyftu í verkið og miðað við tímafjölda fyrri ára. Telur stefndi að stefnanda hefði borið að veita stefnda upplýsingar um að verð þjónustunnar myndi verða verulega hærra en stefndi hefði mátt gera ráð fyrir. Það hafi stefnandi ekki gert, og því farið gegn ákvæðum 6. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Stefndi byggir á því að sú þjónusta sem veitt var hafi komið að nánast engum notum fyrir stefnda, og ef ekki sé fallist á aðalkröfu um sýknu beri í öllu falli að lækka þann kostnað verulega og taka mið af vinnu fyrri ára og því hagræði sem átti að skapast við leigu á lyftu, og þá beri að taka tillit til afsláttarkröfu vegna þeirra afar takmörkuðu nota sem stefndi hafði af umræddri þjónustu, sbr. 13. gr. laga nr. 42/2000. Enn fremur beri ávallt að sýkna stefnda vegna kaupa á vörum sem hann hafi ekki fengið afhentar. Því beri að lækka stefnukröfu máls þessa mjög verulega í öllu falli.

Stefndi telur ljóst að lög nr. 42/2000 um þjónustukaup taki til viðskipta aðila, enda hafi ljósinn verið sett upp við fjölskylduheimili fyrirsvarsmanns stefnda, og ekki í neinum tengslum við rekstur stefnda. Teljist lögin hins vegar ekki eiga við um viðskipti aðila heimili reglur samninga- og kröfuréttar sama eða svipaðan rétt til handa stefnda, í það minnsta með lögjöfnun.

Stefndi krefst þess, bæði í aðal- og varakröfu, að stefnanda verði gert að afhenda þær vörur sem stefndi hefur áður borgað fyrir, innan 10 daga frá uppkvaðningu dóms í málinu, en greiða ella dagsektir að fjárhæð 20.000 krónur. Stefndi eigi skilyrðislausan rétt á afhendingu á þeim vörum sem stefndi hafi greitt fyrir en stefnandi haldi ólöglega. Stefndi tekur fram að ekki sé gerð krafa um að fá afhentar þær vörur sem stefndi pantaði og nú séu til innheimtu, enda allar forsendur þeirra viðskipta brostnar.

Stefndi vísar máli sínu til stuðnings aðallega til eftirfarandi lagaákvæða: Laga um þjónustukaup nr. 42/2000, sérstaklega 4., 5., 6., 9., 10., 11., 13. og 14. gr., og reglugerðar um raforkuvirki nr. 678/2009. Jafnframt er vísað til reglna samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir samninga. Um heimild til dóms um greiðslu dagsekta er vísað til 4. tl. 114. gr. laga nr. 91/1991. Um málskostnaðarkröfu er vísað til 1. tl. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstaða:

Um viðskipti aðila var ekki gerður skriflegur samningur. Af gögnum málsins og skýrslum fyrir dómi verður ráðið að munnlegur samningur hafi verið gerður á árinu 2018 um kaup stefnda á jólaseríum af stefnanda, og þjónustu við uppsetningu þeirra jólasería, auk uppsetninga á jólaseríum sem stefndi átti vegna fyrri viðskipta aðila og geymdar voru hjá stefnanda. Voru jólaseríurnar settar upp frá mánaðarmótum nóvember/desember 2018, og fram í desember sama ár. Þá verður ráðið að þjónusta stefnanda hafi einnig tekið til þess að taka seríurnar niður þegar stefndi hafi óskað þess. Að öðru leyti liggur ekkert fyrir um umfang þjónustunnar, svo sem að hve miklu leyti stefnandi hafi ábyrgst að straumur bærst til jólaseríanna, en óumdeilt er að jólaseríurnar duttu út í einhver skipti, og dugði í þeim tilfellum að starfsmenn stefnanda settu inn öryggi, sem slegið hafði út í rafmagnstöflu. Aðila greinir hins vegar á um orsök þess að öryggið sló ítrekað út. Stefndi byggir einkum á því að um viðskipti aðila eigi við ákvæði laga nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Í 1. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 42/2000 er tekið fram um gildissvið laganna, að lögin taki til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt sé neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi, og með neytanda sé átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin séu ekki í atvinnuskyni.

Í máli þessu er staðreynt að stefndi, sem er lögaðili, er kaupandi þjónustunnar, og ekki er annað komið fram en að þjónustan hafi verið veitt í tengslum við fasteign í eigu stefnda sjálfs. Þegar af þeirri ástæðu geta ákvæði laga nr. 42/2000 ekki átt við í málinu, og breytir þá engu þótt fyrirvarsmaður stefnda búi í fasteigninni ásamt fjölskyldu sinni. Með vísan til skýrra gildisákvæða laga nr. 42/2000 kemur því jafnframt ekki til greina að beita lögjöfnun um ákvæði þeirra laga um viðskipti aðila. Þá var órökstutt af hálfu stefnda á hvern hátt reglur samninga- og kröfuréttar veiti stefnda sama eða svipaðan rétt og í fram komi í lögum um þjónustukaup, og um beitingu lögjöfnunar frá þeim lögum.

Ekki hefur verið lögð fram matsgerð eða úttekt á þeim ljósaseríum sem settar voru upp eða sönnun þess hver var raunveruleg orsök þess að öryggið sló út. Fyrirvarsmaður stefnda bar fyrir dómi að hafa prófað ýmsar rafmagnsklær utanhúss fyrir rafbíl heimilisins, sem hafi brunnið yfir og rafmangsléiðslan styst í hvert sinn. Má þannig sjá í gögnum málsins brunna kló utanhúss, sem tengd er rafmagni hússins, sem stefndi bar þó að tengdist ekki sömu rafmagnstöflu og jólaseríurnar. Um það liggur ekkert fyrir og

úttekt rafvirkja á tilteknum úttinglum, og upplýsingar um úrkomumagn í Reykjavík í desember 2018, eru ekki nægjanleg sönnun um orsök útsláttarins.

Stefndi krefst þess til vara að stefnufjárhæðin verði verulega lækkuð, og vísar í því sambandi til ákvæða 6. gr. þjónustukaupalaga nr. 42/ 2000, og að stefndi eigi rétt á afslætti með vísan til 13. gr. sömu laga, þar sem þjónustan hafi verið gölluð. Eins og fram er komið verður ákvæðum laga nr. 42/2000 um þjónustukaup ekki beitt um viðskipti aðila. Að mati dómsins getur þó komið til skoðunar hvort stefnufjárhæðin sé ósanngjörn, eins og byggt er á af hálfu stefnda.

Ekki virðist ágreiningur um það að stefnandi hafi sett upp allar þær jólaseríur sem stefndi átti fyrir, og þeim sem hann pantaði samkvæmt umstefndum reikningum, en samtals hafi verið um að ræða 100-120 jólaseríur, en ekkert er vitað frekar um stærð eða lengd þeirra. Stefndi fékk því ljósaseríurnar afhentar, andstætt því sem hann heldur fram. Ósannað er í málinu að ljósaseríurnar hafi verið gallaðar, og eftir því sem næst verður komist munu þær hafa verið settar upp með sama hætti í garði stefnda árin 2014-2016, og þá að einhverju leyti sömu ljósaseríur, þ.e. þær sem stefndi hafði áður keypt.

Um þjónustuna var upplýst í skýrslu fyrirvarsmanns stefnda fyrir dómi að eftir að ljósaseríurnar voru komnar upp hafi hann talið ljósin ósamstæð í tveimur háum grenitrjám, og því ófaglega að verki staðið. Hafi ljósin þá að hans beiðni verið tekin niður og sett upp aftur. Stefndi staðfesti ekki að ástæða þessarar verkbeiðni hans hafi verið sú sem byggt er á af hans hálfu í málinu, að vantað hafi ljós á neðri hluta trjánna. Ósannað er að ekki hafi borið að greiða fyrir þessa þjónustu.

Samkomulag var með aðilum um að fá lyftu í verkið, en aðila greinir á um það hvort lyftan hafi átt að leiða til færri eða fleiri vinnustunda. Stefndi bar að honum hafi verið sagt að vinnustundir yrðu færri. Stefnandi hafnar því og nauðsyn hafi borið til þess út frá öryggisjónarmiðum og hæð trjáa, sem hafi verið allt að átta metrar, að leigja lyftu, sem erfitt hafi verið að koma að vegna aðstæðna á lóð stefnda og vegna framkvæmda við nágrannalóð. Hafi vinnustundir því orðið fleiri. Ekkert í gögnum málsins sker úr um framangreint og stendur því orð gegn orði. Að öðru leyti benda umstefndir reikningar ekki til annars, þrátt fyrir að lyftan hafi staðið í einhverja daga á lóð stefnda, en að stefnda sé aðeins gert að greiða lyftugjald fyrir þrjá daga.

Ósannað er í málinu að stefndi hafi formlega rift kaupum eða þjónustu stefnanda, en fram er komið að hann óskaði eftir því að ljósaseríurnar yrðu teknar niður. Upplýst er að stefnandi tók niður ljósaseríurnar þann 10. janúar 2019 og hafi það verið hluti af þeirri

þjónustu sem samið hafði verið um. Sú þjónusta fór því fram, þótt það hafi verið gert mun fyrr en áður.

Stefndi byggir á því að með samanburði við reikninga fyrri ára sé ljóst að umstefndir reikninga séu ósanngjarnir. Um þessa málsástæðu er fyrst til að taka að verulegur munur er á fjölda vinnustunda milli ára, hvað sem veldur. Þannig eru vinnustundir ársins 2015 51,65 klst., en árið 2016 22 klst. Vinnustundir í umstefndum reikningum eru 68,25 klst. Stefnandi hefur borið að aukningu vinnustunda og kostnaðar megi meðal annars rekja til nauðsynlegrar notkunar á lyftu og þeirrar aukningar sem varð á þjónustunni með því að taka þurfti niður ljósaseríur og setja upp á ný, skv. framangreindu. Þá hafi tré í garði stefnda bæði stækkað og gildnað frá árinu 2016 og umfangið væri því meira nú. Einnig hafi umfang verksins orðið meira þar sem fleiri tré hafi nú verið skreytt. Fyrirsvarsmáður stefnda bar fyrir dómi að hann hefði bætt við einu tré á hverju ári, og á árinu 2018 hefði engin undantekning verið á því auk þess sem hann hefði látið setja ljós á einn runna.

Með vísan til alls framangreinds liggur ekki annað fyrir en að stefndi hafi fengið afhentar þær ljósaseríur sem hann hafði greitt fyrir, og ósannað er að þær hafi verið gallaðar. Þá er ósannað annað en að stefndi hafi fengið alla þá þjónustu sem um var samið og hann bað um og getur um á umstefndum reikningum. Þótt fyrirliggjandi kostnaður við jóla ljósaskreytingu myndi í almennum skilningi teljast mikill, þá er ekkert það fram komið í málinu sem sannar að hann sé með hliðsjón af umfangi ósanngjarn. Verður stefnda því gert að greiða stefnanda umstefnda stefnufjárhæð auk dráttarvaxta eins og í dómsorði greinir.

Stefndi krefst þess í sinni greinargerð að stefnanda verði gert að „afhenda stefnda allar seríur og búnað sem stefndi hefur áður keypt af stefnanda og haldið er af stefnanda“ að viðlögðum dagsektum. Að mati dómsins snýr krafan að ljósaseríum og búnaði sem stefndi keypti af stefnanda árin 2014-2016. Eins og rakið hefur verið þá hefur stefndi fengið allar ljósaseríur afhentar, með þeim hætti að þær voru settar upp í garði stefnda, jafnvel ár eftir ár. Upplýst var í málinu að samningur aðila taki til þess að ljósaseríur séu geymdar hjá stefnanda eftir að þær hafi verið teknar niður, stefnda að kostnaðarlausu. Fyrirsvarsmáður stefnda bar sjálfur fyrir dómi að hann hefði ekki óskað þess að fá ljósaseríurnar afhentar, og verður því ekki séð að stefnandi haldi þeim með ólögætum hætti fyrir stefnda, eða að stefnandi neiti að afhenda þær, eins og byggt er á af hálfu stefnda. Krafan, eins og hún er framsett af hálfu stefnda, er því ekki svo glögg sem verða

má um tilgreiningu tiltekinna réttinda sem stefndi telur sig eiga, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, svo sem um fjölda ljósasería, og er því óhjákvæmilegt annað en að vísa nefndri kröfu stefnda sjálfkrafa frá dómi.

Eftir framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilegur að mati dómsins, að meðtöldum virðisaukaskatti, 963.480 krónur.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, App Dynamic ehf., greiði stefnanda, Garðlist ehf., skuld að fjárhæð 1.001.195 krónur, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 721.754 krónum frá 19. desember 2018 til 28. desember 2018, af 797.463 krónum frá þeim degi til 15. janúar 2019 og af 1.001.195 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 963.480 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson